

XIV. VIÐAUKI

SAMKEPPNI

EFNISYFIRLIT

A. Eftirlit með samruna
B. Lóðréttir samningar og samstilltar aðgerðir
C. Samningar um tæknilega yfirfærslu
D. Samningar um sérhæfingu, rannsóknir og þróun
E. og F. (felldir brott)
G. Flutningar
H. Upplýsinga- og fjarskiptatækni
I. Kol og stál
J. Tryggingar
Gerðir sem framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA skulu taka tilhlýðilegt tillit til

Skrá sem kveðið er á um í 60. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugtök eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur Bandalagsins, svo sem varðandi

- inngangsorð,
- viðtakendur gerða Bandalagsins,
- tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB,
- tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum, og
- tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar,

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Ef ekki er kveðið á um annað skulu ákvæði viðaukans, að því er þennan viðauka varðar, aðlöguð sem hér segir:

- I. Hugtakið „framkvæmdastjórn“ lesist „þar til bær eftirlitsstofnun“.
- II. Hugtakið „sameiginlegur markaður“ lesist „svæðið sem EES-samningurinn tekur til“.
- III. Hugtakið „viðskipti milli aðildarríkja“ lesist „viðskipti milli samningsaðila“.
- IV. Hugtakið „framkvæmdastjórn og yfirvöld í aðildarríkjunum“ lesist „framkvæmdastjórn EB, eftirlitsstofnun EFTA, yfirvöld aðildarríkja EB og EFTA-riks“.
- V. Tilvísanir til greina í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) eða stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins (KSE) lesist sem tilvísanir í EES-samninginn (EES) svo sem hér segir:

- 85. gr. (EBE) – 53. gr. (EES)
- 86. gr. (EBE) – 54. gr. (EES)
- 90. gr. (EBE) – 59. gr. (EES)
- 66. gr. (KSE) – 2. gr. bókunar 25 í EES-samningnum
- 80. gr. (KSE) – 3. gr. bókunar 25 í EES-samningnum

- VI. Hugtakið „reglugerð þessi“ lesist „gerð þessi“.
- VII. Hugtakið „samkeppnisreglur sáttmálans“ lesist „samkeppnisreglur EES-samningsins“.
- VIII. Hugtakið „háa yfirvald“ lesist „þar til bær eftirlitsstofnun“.

Með fyrirvara um reglur um eftirlit með samfylkingum, lesist hugtakið „þar til bær eftirlitsstofnun“ sem vísað er til í reglunum hér á eftir sem „þar til bær eftirlitsstofnun sem hefur umboð til að skera úr um mál í samræmi við 56. gr. EES-samningsins“.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

A. EFTIRLIT MEÐ SAMRUNA

1. ^{1} **32004R0139** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) ^{2} Í 1. mgr. 1. gr. bætist orðin „eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn“ við á eftir orðunum „Með fyrirvara um 5. mgr. 4. gr. og 22. gr.“.

Í stað orðanna „hagsmuni Bandalagsins“ komi jafnframt orðin „hagsmuni Bandalagsins eða EFTA“.
- b) Í stað orðanna „hagsmuni Bandalagsins“ í 2. mgr. 1. gr. komi orðin „hagsmuni Bandalagsins eða EFTA“.

Í stað orðanna „innan Bandalagsins“ komi jafnframt orðin „innan Bandalagsins eða innan EFTA“.

Í síðustu setningunni komi í stað orðanna „aðildarríki“ orðin „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.
- c) Í stað orðanna „hagsmuni Bandalagsins“ í 3. mgr. 1. gr. komi orðin „hagsmuni Bandalagsins eða EFTA“.

Í stað orðanna „innan Bandalagsins“ komi jafnframt orðin „innan Bandalagsins eða innan EFTA“.

Í stað orðanna „aðildarríkja“ í b- og c-lið 3. mgr. 1. gr. komi orðin „aðildarríkja eða hverju og einu að minnsta kosti þriggja EFTA-ríkja“.

^{1} Texta 1. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89) var skipt út með ákvörðun nr. 78/2004 (Stjútíð. ESB L 219, 19.6.2004, bls. 13 og EES-viðbætur nr. 32, 19.6.2004, bls. 1), gildistaka 9.6.2004.

^{2} Aðlögunartexta a) var skipt út með ákvörðun nr. 79/2004 (Stjútíð. ESB L 219, 19.6.2004, bls. 24 og EES-viðbætur nr. 32, 19.6.2004, bls. 10), gildistaka 1.7.2005.

Í síðustu setningunni komi í stað orðanna „aðildarríki“ orðin „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.

- d) Ákvæði 4. og 5. mgr. 1. gr. skulu ekki gilda.
- e) Í stað orðanna „kröfur hins sameiginlega markaðar“ í fyrsta málslið 1. mgr. 2. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- f) Í stað orðanna „kröfur hins sameiginlega markaðar“ í lok 2. mgr. 2. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- g) Í stað orðanna „kröfur hins sameiginlega markaðar“ í lok 3. mgr. 2. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- h) Í stað orðanna „kröfur hins sameiginlega markaðar“ í lok 4. mgr. 2. gr. komi orðin „framkvæmd EES-samningsins“.
- i) Í stað orðanna „aðildarríkis“ í b-lið 5. mgr. 3. gr. komi orðin „aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“.
- j) Í stað orðanna „hagsmuni Bandalagsins“ í fyrsta málslið 1. mgr. 4. gr. komi orðin „hagsmuni Bandalagsins eða EFTA“.

Á eftir orðunum „framkvæmdastjórninni“ í fyrsta málslið bætist jafnframt við orðin „í samræmi við 57. gr. EES-samningsins“.

Í stað orðanna „hagsmuni Bandalagsins“ í öðrum málslið 1. mgr. 4. gr. komi orðin „hagsmuni Bandalagsins eða EFTA“.

- k) Síðasti málsliður 1. mgr. 5. gr. hljóði svo:

„Velta, innan Bandalagsins eða í aðildarríki EB, skal samanstanda af tekjum af sölu vöru og þjónustu til fyrirtækja eða neytenda innan Bandalagsins eða því aðildarríki EB eftir því sem við á. Hið sama skal gilda að því er varðar veltu á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í einstökum EFTA-ríkjum“.
- l) Síðasti málsliður a-liðar 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:

„Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar innan Bandalagsins eða í aðildarríki EB skal telja, eins og skilgreint er hér að framan, tekjuliði útibús eða deildar þeirrar stofnunar sem er með staðfestu í Bandalaginu eða í aðildarríki EB eftir því sem við á. Hið sama skal gilda að því er varðar veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í einstökum EFTA-ríkjum“.
- m) Í stað síðustu setningar b-liðar 3. mgr. 5. gr., „...“ skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan Bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis“, komi eftirfarandi:

„...“ skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan Bandalagsins og af íbúum eins aðildarríkis EB. Hið sama skal gilda að því er varðar heildariðgjöld greidd af íbúum á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild og íbúum einstakra EFTA-ríkja.“

B. LÓÐRÉTTIR SAMNINGAR OG SAMSTILLTAR AÐGERÐIR ^{3}

2. ^{4} „**32022 R 0720** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/720 frá 10. maí 2022 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðrétttra samninga og samstilltra aðgerða (Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 4).

^{3} Fyrirsögn kaffla B var skipt út með ákvörðun nr. 18/2000 (Stjtið. EB L 103, 12.4.2001, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 20, 12.4.2001, bls. 179), gildistaka 29.1.2000.

^{4} Texta 2. liðar var skipt út með ákvörðun nr. 18/2000 (Stjtið. EB L 103, 12.4.2001, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 20, 12.4.2001, bls. 179), gildistaka 29.1.2000. Síðar var texta 2. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999) skipt út með ákvörðun nr. 77/2010 (Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 49, 16.9.2010, bls. 34), gildistaka 12.6.2010. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 188/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 6.7.2023.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. 6. gr., er orðunum „eða samsvarandi ákvæðum 1. mgr. 29. gr. II. kafla II. hluta bókar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ bætt við á eftir orðunum „skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.
- b) Í 2. mgr. 6. gr., er orðunum „eða samsvarandi ákvæði 2. mgr. 29. gr. II. kafla II. hluta bókar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ bætt við á eftir orðunum „, 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.
- c) Eftirfarandi bætist við í lok 7. gr.:

„Samkvæmt ákvæðum samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, getur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið með tilmælum að þar sem samhliða net svipaðra lóðrétra samninga ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðrétra samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem varða þann markað.

Tilmæli skv. 1. mgr. skulu beinast til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda þann markað sem um ræðir. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um útgáfu slíkra tilmæla.

Innan þriggja mánaða frá útgáfu tilmæla skv. 1. mgr., skulu öll EFTA-ríkin sem eru viðtakendur tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um það hvort þau samþykki tilmælin. Ef þriggja mánaða frestur líður án þess að svar hafi borist, ber að skilja það sem svo að EFTA-ríkið samþykki tilmælin með því að svara ekki í tæka tíð.

Ef EFTA-ríki sem er viðtakandi tilmælanna annað hvort samþykkir tilmælin eða svarar þeim ekki í tæka tíð, þá ber því lagaleg skylda samkvæmt samningnum til að innleiða tilmælin innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Ef EFTA-ríki sem er viðtakandi tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA innan þriggja mánaða frestsins að það samþykki ekki tilmælin ber Eftirlitsstofnun EFTA að tilkynna framkvæmdastjórninni um það svar. Ef framkvæmdastjórnin er ekki sammála afstöðu hlutaðeigandi EFTA-ríkis, skal 2. mgr. 92. gr. samningsins gilda.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum og hafa samráð hvor við aðra um beitingu þessa ákvæðis.

Þar sem samhliða net svipaðra lóðrétra samninga ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði á yfirráðasvæði EES-samningsins, geta eftirlitsstofnanirnar tvær hafið samstarf með það að markmiði að samþykkja aðskildar ráðstafanir. Ef eftirlitsstofnanirnar tvær eru sammála um viðkomandi markað og tilhlýðileika þess að samþykkja ráðstöfun í samræmi við þetta ákvæði, skal framkvæmdastjórnin innleiða reglugerð sem beint er til aðildarríkja Evrópubandalaganna og Eftirlitsstofnunar EFTA með tilmælum með samsvarandi innihaldi til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda þann markað sem um ræðir.“

3. []^{5}

4 []^{6}

4a. []^{7}

^{5} Texti 3. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 18/2000 (Stjtið. EB L 103, 12.4.2001, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 20, 12.4.2001, bls. 179), gildistaka 29.1.2000.

^{6} Liðurinn var felldur brott með ákvörðun 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

^{7} Liðurinn var felldur brott með ákvörðun 130/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

4b.{⁸} **32010R0461** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2010 frá 27. maí 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja (Stjtið. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 52), eins og henni var breytt með:

-{⁹} **32023R0822** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/822 frá 17. apríl 2023 (Stjtið. ESB L 102I, 17.4.2023, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lok 6. gr.:

„Samkvæmt ákvæðum samningsins milli EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst yfir í tilmælum að taki samhliða net svipaðra lóðréttra takmarkana til meira en 50% viðkomandi markaðar í EFTA-ríkjunum skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðrétt samninga sem hafa að geyma sértækar takmarkanir er varða þann markað.

Tilmælum samkvæmt 1. mgr. skal beint til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkja sem mynda viðkomandi markað. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um útgáfu slíkra tilmæla.

Öll EFTA-ríki, sem tilmælum samkvæmt 1. mgr. er beint til, skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hvort þau samþykki tilmælin innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra. Ef þessi þriggja mánaða frestur líður án þess að svar berist skal túlka það sem samþykki EFTA-ríkisins sem sendir ekki svar.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, samþykkir tilmælin eða sendir ekki svar áður en fresturinn er liðinn skal því skylt samkvæmt ákvæðum samningsins að hrinda tilmælunum í framkvæmd innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn að það samþykki ekki tilmælin skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna framkvæmdastjórninni það svar. Reynist framkvæmdastjórnin ósammála afstöðu EFTA-ríkisins gilda ákvæði 2. mgr. 92. gr. samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra við beitingu þessa ákvæðis.

Taki samhliða net svipaðra lóðréttra takmarkana til meira en 50% viðkomandi markaðar á Evrópska efnahagssvæðinu geta eftirlitsstofnanirnar tvær hafið samvinnu með það fyrir augum að samþykkja mismunandi ráðstafanir. Ef eftirlitsstofnanirnar eru sammála um viðkomandi markað og að rétt sé að gera ráðstafanir í samræmi við þetta ákvæði, skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð sem beint er til aðildarríkja ESB og Eftirlitsstofnun EFTA efnislega samhljóða tilmæli sem beint er til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkja sem mynda viðkomandi markað.“

C. SAMNINGAR UM TÆKNILEGA YFIRFÆRSLU^{10}

5.{¹¹} **32014R0316** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 316/2014 frá 21. mars 2014 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum samninga um tæknyfirfærslu (Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 17).

^{8} Liðnum var bætt við með ákvörðun 136/2002 (Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 61, 12.12.2002, bls. 31), gildistaka 28.9.2002. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 91/2010 (Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 59, 21.10.2010, bls. 13), gildistaka 3.7.2010. Hún kemur til framkvæmda frá 1. júní 20-10.

^{9} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 292/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 28.10.2023.

^{10} Heitinu „nytjaleyfissamningar vegna einkaleyfa“ var skipt út fyrir „samningar um tæknilega yfirfærslu“ með ákvörðun nr. 12/97 (Stjtið. EB L 182, 10.7.1997, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 29, 10.7.1997, bls. 46), gildistaka 1.4.1997.

^{11} Texta 5. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 240/96) var skipt út með ákvörðun nr. 42/2005 (Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 38, 28.7.2005, bls. 24), gildistaka 19.5.2005. Texta 5. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2004) var skipt út með ákvörðun nr. 293/2014 (Stjtið. ESB L 311, 26.11.2015, bls. 47 og EES-viðbætur nr. 71, 26.11.2015, bls. 46), gildistaka 13.12.2014. Var síðar leiðréttur fyrir birtingu með leiðréttingu 20.3.2015.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi orð við á eftir orðunum „samkvæmt 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“: „eða samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 29. gr. II. kafla í I. hluta bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.
- b) Í 2. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi orð við á eftir orðunum „samkvæmt 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“: „eða samsvarandi ákvæði í 2. mgr. 29. gr. II. kafla í I. hluta bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.
- c) Eftirfarandi bætist við í lok 7. gr.:

„Samkvæmt ákvæðum sammingsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst yfir í tilmælum að taki samhliða net svipaðra samninga um tæknilega yfirfærslu til meira en 50% viðkomandi markaðar í EFTA-ríkjunum, skuli reglugerð þessi ekki gilda um samninga um tæknilega yfirfærslu sem hafa að geyma sértækar takmarkanir er varða þann markað.“

Tilmælum samkvæmt 1. mgr. skal beint til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um útgáfu slíkra tilmæla.

Öll EFTA-ríki, sem tilmælum samkvæmt 1. mgr. er beint til, skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hvort þau samþykki tilmælin innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra. Ef þessi þriggja mánaða frestur líður án þess að svar berist skal túlka það sem samþykki EFTA-ríkisins sem sendir ekki svar.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, samþykkir tilmælin eða sendir ekki svar áður en fresturinn er liðinn skal því skylt að hrinda tilmælunum í framkvæmd innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn að það samþykki ekki tilmælin skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna framkvæmdastjórninni það svar. Reynist framkvæmdastjórnin ósammála afstöðu EFTA-ríkisins gilda ákvæði 2. mgr. 92. gr. sammingsins.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra um beitingu þessa ákvæðis

Taki samhliða net svipaðra samninga um tæknilega yfirfærslu til meira en 50% viðkomandi markaðar á Evrópska efnahagssvæðinu geta eftirlitsstofnanirnar tvær hafið samvinnu með það fyrir augum að samþykkja mismunandi ráðstafanir. Ef eftirlitsstofnanirnar tvær eru sammála um viðkomandi markað og að rétt sé að gera ráðstafanir í samræmi við þetta ákvæði skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð sem beint er til aðildarríkja EB og Eftirlitsstofnun EFTA efnislega samhljóða tilmæli sem beint er til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað.“

D. SAMNINGAR UM SÉRHFÆINGU, RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

- 6.^{12} **32010R1218** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1218/2010 frá 14. desember 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um sérhæfingu (Stjútö. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 43), eins og henni var breytt með:

^{12} Texta 6. liðar var skipt út með ákvörðun nr. 113/2000 (Stjútö. EB L 52, 22.2.2001, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2001, bls. 5), gildistaka 1.1.2001. Texta 6. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000) var skipt út með ákvörðun nr. 3/2011 (Stjútö. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 19, 7.4.2011, bls. 7), gildistaka 12.2.2011.

- {¹³} **32022R2456** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2456 frá 8. desember 2022 (Stjttíð. ESB L 321, 15.12.2022, bls. 3).
- 7.{¹⁴} **32010R1217** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1217/2010 frá 14. desember 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga um rannsóknir og þróun (Stjttíð. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 36), eins og henni var breytt með:
- {¹⁵} **32022R2455** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2455 frá 8. desember 2022 (Stjttíð. ESB L 321, 15.12.2022, bls. 1).

E. [] {¹⁶}

8. [] {
- ¹⁷
- }

F. [] {¹⁸}

9. [] {
- ¹⁹
- }

G. FLUTNINGAR

- 10.{²⁰} **32009R0169** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 169/2009 frá 26. febrúar 2009 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (kerfisbundin útgáfa) (Stjttíð. ESB L 61, 5.3.2009, bls. 1).
11. [] {²¹}
- 11a. [] {²²}
- 11b. [] {²³}

{¹³} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 73/2023 (Stjttíð. ESB L, 2023/2361, 26.10.2023 og EES-viðbætur nr. 77, 26.10.2023, bls. 72), gildistaka 18.3.2023. Hún kemur til framvæmda frá 1. janúar 2023.

{¹⁴} Texta 7. liðar var skipt út með ákvörðun nr. 113/2000 (Stjttíð. EB L 52, 22.2.2001, bls. 38 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2001, bls. 5), gildistaka 1.1.2001. Texta 7. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000) var skipt út með ákvörðun nr. 3/2011 (Stjttíð. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 19, 7.4.2011, bls. 7), gildistaka 12.2.2011.

{¹⁵} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 73/2023 (Stjttíð. ESB L, 2023/2361, 26.10.2023 og EES-viðbætur nr. 77, 26.10.2023, bls. 72), gildistaka 18.3.2023. Hún kemur til framvæmda frá 1. janúar 2023.

{¹⁶} Fyrirsögnin „Umboðssamningar“ var felld brott með ákvörðun nr. 18/2000 (Stjttíð. EB L 103, 12.4.2001, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 20, 12.4.2001, bls. 179), gildistaka 29.1.2000.

{¹⁷} Texti 8. liðar var felldur brott með ákvörðun nr. 18/2000 (Stjttíð. EB L 103, 12.4.2001, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 20, 12.4.2001, bls. 179), gildistaka 29.1.2000.

{¹⁸} Fyrirsögnin „Nytjaleyfissamningar um kunnáttu“ var felld brott með ákvörðun nr. 12/97 (Stjttíð. EB L 182, 10.7.1997, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 29, 10.7.1997, bls. 46), gildistaka 1.4.1997.

{¹⁹} Texti 9. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 556/89) var felldur brott með ákvörðun nr. 12/97 (Stjttíð. EB L 182, 10.7.1997, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 29, 10.7.1997, bls. 46), gildistaka 1.4.1997.

{²⁰} Texta 10. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68) var skipt út með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjttíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005. Var síðar skipt út með ákvörðun nr. 130/2010 (Stjttíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 14 og EES-viðbætur nr. 17, 31.3.2011, bls. 4), gildistaka 11.12.2010.

{²¹} Texti 11. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86) var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2010 (Stjttíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 14 og EES-viðbætur nr. 17, 31.3.2011, bls. 4), gildistaka 11.12.2010.

{²²} Texti 11. liðar a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3652/93) var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjttíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

{²³} Texti 11. liðar b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1617/93) var felldur brott með ákvörðun nr. 156/2006 (Stjttíð. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 31 og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 25), gildistaka 9.12.2006.

11c.^{24} **32009R0906** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvörðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Stjttíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31), eins og henni var breytt með:

-^{25} **32014R0697** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 697/2014 frá 24. júní 2014 (Stjttíð. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 3),

-^{26} **32020R0436** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/436 frá 24. mars 2020 (Stjttíð. ESB L 90, 25.3.2020, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 1. gr. lesist orðin „hafnir innan Bandalagsins“ sem „hafnir innan svæðisins sem EES-samningurinn tekur til“.

11d. []^{27}

11e. []^{28}

H. UPPLÝSINGA- OG FJARSKIPTATÆKNI ^{29}

12.^{30} **32008L0063** - Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB frá 20. júní 2008 um samkeppni á mörkuðum fyrir endabúnað til fjarskipta (kerfisbundin útgáfa) (Stjttíð. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 20).

13.^{31}

13a.^{32} **32002L0077** - Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/77/EB frá 16. september 2002 um samkeppni á mörkuðum fyrir rafræn fjarskiptanet og þjónustu (Stjttíð. EB L 249, 17.9.2002, bls. 21).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

^{24} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 12/96 (Stjttíð. EB L 124, 23.5.1996, bls. 13 og EES-viðbætur nr. 22, 23.5.1996, bls. 54), gildistaka 1.4.1996. Textanum var skipt út með ákvörðun nr. 49/2000 (Stjttíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 60 og EES-viðbætur nr. 42, 21.9.2000, bls. 3), gildistaka 1.6.2000. Texta 11. liðar c var skipt út með ákvörðun nr. 51/2010 (Stjttíð. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 19 og EES-viðbætur nr. 37, 15.7.2010, bls. 25), gildistaka 1.5.2010. Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. apríl 2010.

^{25} Undirlið og orðunum „eins og henni var breytt með“ var bætt við með ákvörðun nr. 238/2014 (Stjttíð. ESB L 230, 3.9.2015, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 52, 3.9.2015, bls. 44), gildistaka 1.11.2014.

^{26} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 109/2020 (Stjttíð. ESB L 172, 6.7.2023, bls. 28 og EES-viðbætur nr. 51, 6.7.2023, bls. 27), gildistaka 15.7.2020.

^{27} Texti 11. liðar d (reglugerð ráðsins (EB) 1419/2006) var bætt við með ákvörðun nr. 153/2006 (Stjttíð. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 25 og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 20), gildistaka 1.8.2007. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 130/2010 (Stjttíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 14 og EES-viðbætur nr. 17, 31.3.2011, bls. 4), gildistaka 11.12.2010

^{28} Texta 11. liðar e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 1459/2006) var bætt við með ákvörðun nr. 156/2006 (Stjttíð. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 31 og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 25), gildistaka 9.12.2006. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 130/2010 (Stjttíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 14 og EES-viðbætur nr. 17, 31.3.2011, bls. 4), gildistaka 11.12.2010.

^{29} Textanum í fyrirsögn H var skipt út með ákvörðun nr. 130/2010 (Stjttíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 14 og EES-viðbætur nr. 17, 31.3.2011, bls. 4), gildistaka 11.12.2010.

^{30} Texta 12. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/301/EBE) var skipt út með ákvörðun nr. 130/2010 (Stjttíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 14 og EES-viðbætur nr. 17, 31.3.2011, bls. 4), gildistaka 11.12.2010.

^{31} Liðurinn var felldur brott frá 25.7.2003 með ákvörðun nr. 153/2003 (Stjttíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 7, 12.2.2004, bls. 32), gildistaka 1.11.2004.

^{32} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 153/2003 (Stjttíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 7, 12.2.2004, bls. 32), gildistaka 1.11.2004.

Í stað orðanna „EB-sáttmálans“ í 2. mgr. 7. gr. komi orðin „EES-samningsins“.

I. KOL OG STÁL

14. **354D7024** - Ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 24/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 66. gr. sáttmálans um yfirráð í fyrirtæki (Stjttíð. KSE nr. 9, 11.5. 1954, bls. 345/54).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 4. gr. gilda ekki.

15. **367D7025** - Ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 25/67 frá 22. júní 1967 varðandi reglugerð um framkvæmd 3. mgr. 66. gr. sáttmálans um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi (Stjttíð. EB nr. 154, 14.7. 1967, bls. 11), eins og henni var breytt með:

- **378S2495** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2495/78/KSE frá 20. október 1978 (Stjttíð. EB nr. L 300, 27.10.1978, bls. 21),

-^{33} **391S3654** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3654/91/KBE frá 13. desember 1991 (Stjttíð. EB nr. L 348, 17.12.1991, bls. 12).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 1. gr. skal skjóta inn klausunni „og innan EFTA-ríkjanna“ á eftir „... innan Bandalagsins“.
- b) Í fyrirsögn 2. gr. lesist klausan „gildissvið sáttmálans“ sem „gildissvið bókunar 25 við EES-samninginn“.
- c) Í fyrirsögn 3. gr. lesist klausan „gildissvið sáttmálans“ sem „gildissvið bókunar 25 við EES-samninginn“.
- d) Ákvæði 11. gr. gilda ekki.

^{33} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjttíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.

J. TRYGGINGAR {³⁴}15a. [] {³⁵}

15b. {³⁶} **32010R0267** - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 267/2010 frá 24. mars 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga (Stjtfð. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 1).

GERÐIR SEM FRAMKVÆMDASTJÓRN EB OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL

Við beitingu 53. til 60. gr. sammingsins og ákvæða sem vísað er til í þessum viðauka skulu framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA taka tilhlýðilegt tillit til meginreglna og annarra reglna sem eftirfarandi gerðir hafa að geyma: {³⁷}

*Eftirlit með samfylkingum*16. [] {³⁸}17. [] {³⁹}*Samningar um einkakaup og -sölu*18. [] {⁴⁰}19. [] {⁴¹}*Annad*20. [] {⁴²}21. [] {⁴³}

{³⁴} **Kaflanam og 15. lið a** var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjtfð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 17. 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.

{³⁵} **Texti 15. liðar a** (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3932/92) var felldur brott með ákvörðun nr. 130/2004 (Stjtfð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42), gildistaka 19.5.2005.

{³⁶} **Liðnum** var bætt við með ákvörðun nr. 82/2003 (Stjtfð. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 24), gildistaka 21.6.2003. **Texta 15. liðar b** (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2003) var skipt út með ákvörðun nr. 52/2010 (Stjtfð. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 37, 15.7.2010, bls. 27), gildistaka 1.5.2010. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1.4.2010.

{³⁷} Í samræmi við II. mgr. í kaflanam „Almennt“ samþykkir Eftirlitsstofnun EFTA gerðir sem svara til gerða sem framkvæmdastjórn EB samþykkti eftir 31. júlí 1991 til fyllingar gerðunum eða í staðinn fyrir gerðirnar sem samþykktar voru fram til 31. júlí 1991, og sem upphaflega voru taldar upp undir þessari fyrirsögn, í því skyni að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum, en sem eru ekki taldar með í þessum viðauka. Neðanmálgreininni var bætt við með ákvörðun nr. 67/2021 (Stjtfð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

{³⁸} **Texti 16. liðar** (tilkynning framkvæmdastjórnarinnar C/203/90/bls. 5) var felldur brott með ákvörðun nr. 67/2021 (Stjtfð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

{³⁹} **Texti 17. liðar** (tilkynning framkvæmdastjórnarinnar C/203/90/bls. 10) var felldur brott með ákvörðun 67/2021 (Stjtfð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

{⁴⁰} **Texti 18. liðar** (tilkynning framkvæmdastjórnarinnar C/101/84/bls. 2) var felldur brott með ákvörðun 67/2021 (Stjtfð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

{⁴¹} **Texti 19. liðar** (tilkynning framkvæmdastjórnarinnar C/17/85/bls. 4) var felldur brott með ákvörðun 67/2021 (Stjtfð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

{⁴²} **Texti 20. liðar** (tilkynning framkvæmdastjórnarinnar 362X1224(01)) var felldur brott með ákvörðun 67/2021 (Stjtfð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

{⁴³} **Texti 21. liðar** (tilkynning framkvæmdastjórnarinnar C/75/68/bls. 3) var felldur brott með ákvörðun 67/2021 (Stjtfð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

22. []^{44}
23. **C/1/79/bls. 2** - Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar frá 18. desember 1978 um mat hennar á samningum við undirverktaka með hliðsjón af 1. mgr. 85. gr. EBE-sáttmálans (Stjttíð. EB nr. C 1, 3.1.1979, bls. 2).
24. []^{45}
25. **C/233/91/bls. 2** - Viðmiðunarreglur um beitingu samkeppnisreglna EES á sviði fjarskipta (Stjttíð. EB nr. C 233, 6.9.1991, bls. 2).

Almennt ^{46}

- I. Framkvæmdastjórn EB samþykkti ofangreindar gerðir fram til 31. júlí 1991. Við gildistöku sammingsins skulu tilsvaramandi gerðir samþykktar af eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. og 25. gr. sammingsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Breytingar á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þær skulu birtar í samræmi við bréfaskipti um birtingu upplýsinga sem tengjast EES.
- II. Að því er EES-tengdar gerðir samþykktar af framkvæmdastjórn EB eftir 31. júlí 1991 varðar, skal eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við umboð sitt samkvæmt samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, samþykkja, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, tilsvaramandi gerðir svo að samkeppnisskiyrði verði áfram jöfn. Gerðir samþykktar af framkvæmdastjórninni verða ekki teknar upp í þennan viðauka en í EES-viðbæti við Stjórnartíðindin verður vísað til birtingar þeirra í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*. Tilsvaramandi gerðir samþykktar af eftirlitsstofnun EFTA skal birta í EES-viðbæti og EES-deild Stjórnartíðindanna. ^{47} Við beitingu 53. til 60. gr. sammingsins og ákvæða sem vísað er til í þessum viðauka skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA taka tilhlýðilegt tillit til meginreglna og annarra reglna sem eftirfarandi gerðir hafa að geyma.

^{44} Texti 22. liðar (tilkynning framkvæmdastjórnarinnar C/111/72/bls. 13) var felldur brott með ákvörðun 67/2021 (Stjttíð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

^{45} Texti 24. liðar (tilkynning framkvæmdastjórnarinnar C/231/86/bls. 2) var felldur brott með ákvörðun 67/2021 (Stjttíð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.

^{46} Þættinum var bætt við með ákvörðun nr. 7/94 (Stjttíð. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994, bls. 1), gildistaka 1.7.1994.

^{47} Síðustu setningunni í II. mgr. undir fyrirsögninni „Almennt“ var skipt út með ákvörðun nr. 67/2021 (Stjttíð. ESB L 2024/00057, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 113), gildistaka 6.2.2021.